

Greinargerð varðandi drög að einstökum breytingatillögum á samþykktum Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Um breytingatillögu varðandi 11. gr.

Í tillögunni er lagt til að í upptalningu á dagskrárliðum aðalfundar bætist dagskrárliður um kosningu tilnefningarnefndar. Þá er gert ráð fyrir því að þóknun verði greidd fyrir nefndarstörfin og að aðalfundur taki ákvörðun samhliða kosningu viðkomandi nefndarmanna um þóknun fyrir störfín, þ.e. hver hún skuli vera eða eftir hvaða viðmiðum skuli greiða.

Til viðbótar í upptalningu á dagskrárliðum aðalfundar bætist dagskrárliður um kosningu utanaðkomandi nefndarmanns/-manna í endurskoðunarnefnd. Viðkomandi dagskrárliður er tilkominn vegna breytingar á 108.gr. um endurskoðunarnefndir í lögum nr. 3/2006. Þar er gerð krafa um að ef nefndarmaður sé utanaðkomandi aðili skal hann skipaður á aðalfundi.

Um breytingatillögu varðandi heiti IV. kafla

Breytingin skýrir sig sjálf.

Um breytingatillögu varðandi 19. gr.

Gerð er tillaga að nýju ákvæði um kosningu tilnefningarnefndar á aðalfundi í IV. kafla laganna sem verður 19. gr., en númer þeirra ákvæða sem síðar koma í samþykktunum breytast í samræmi við þetta.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um tilvist tilnefningarnefndar, meginhlutverk hennar og að hún skuli starfa í samræmi við starfsreglur sem stjórn félagsins setur og birtir á vefsíðu þess.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um fjölda nefndarmanna og kosningu þeirra.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um hvernig einstaklingar gefi kost á sér til starfa í tilnefningarnefndinni, upplýsingagjöf vegna framboðs ofl. með tilvísun til þeirra krafna sem gerðar eru um framboð til stjórnar skv. 63. gr. a hlutafélagalaga nr. 2/1995. Til að stuðla að hlutleysi nefndarinnar er gerð sú neikvæða hæfiskrafa að stjórnarmenn, varastjórnarmenn og frambjóðendur til stjórnar- og varastjórnarstarfa geti ekki átt sæti í nefndinni. Með hliðsjón af eðli Lánasjóðsins og í ljósi þess að tilnefningarnefnd er kjörin af hluthöfum eru ekki gerðar frekari kröfur um óhæði (s.s. að einn nefndarmanna sé óháður stórum hluthöfum (10%), og er þannig um frávik frá leiðbeiningarreglum VÍ að ræða.¹

¹ Sjá leiðbeiningarreglur um stjórnhætti, grein 1.5.2: <https://leidbeiningar.is/leidbeiningar/>